

Föstudagurinn, 6. desember 2002

191. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 38/2002

**Samningur Baugs Group hf. og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf.
um stofnun á félagi um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf.**

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi Einars Þórs Sverrissonar hdl., dags. 30. október 2002 var Samkeppnisstofnun tilkynnt með vísan til 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 um stofnun nýs einkahlutafélags, Græns ehf., sem muni vera í jafnri eigu Baugs Group hf. (Baugur) og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. (Fengur). Í tilkynningunni segir að Grænt muni kaupa Banana ehf. og Ávaxtahúsið, Nýtt og ferskt ehf. (Ávaxtahúsið) en umrædd félög verði rekin sem dótturfélög í 100% eigu fyrirtækisins. Bréfinu fylgdi skýrsla sem inniheldur upplýsingar og gögn sem miðast við skrá í viðauka reglna Samkeppnisstofnunar nr. 930/2001 um tilkynningu samruna fyrirtækja, sbr. 4. gr. reglnanna. Í ákvörðun þessari verður vísað til skýrslunnar sem tilkynningu samrunaaðila og viðauka reglna stofnunarinnar sem samrunaskrárinnar.

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar hafa átt fundi með samrunaaðilum og lögmanni þeirra. Auk gagna frá aðilum hefur verið aflað ýmissa opinberra gagna. Þá hafa starfsmenn stofnunarinnar átt viðtöl við ýmsa aðila sem tengjast þeim markaði sem hér er til umfjöllunar. Að því marki sem samkeppnisráð telur upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipti máli fyrir athugun máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 6. desember 2002, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Samruni

Samkvæmt hluthafasamkomulagi, dags. 30. október 2002, milli Baugs Group hf., kt. 480798–2289 og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf., kt. 640585-0489, sem eru eigendur að jöfnum hlut í einkahlutafélaginu Grænt, er kveðið á um að aðilar séu sammála um að Ávaxtahúsið ehf. og Bananar ehf. verði keypt af Grænu og rekin sem einkahlutafélög í 100% eigu þess fyrirtækis, sbr. 5. gr. hluthafasamkomulagsins.

Fyrir stofnun hins nýja einkahlutafélags sem hér um ræðir var Ávaxtahúsið að jöfnu í eigu Baugs og Fengs. Bananar voru hins vegar að fullu í eigu Fengs. Að mati samkeppnisráðs er ljóst að hluthafasamkomulag málsaðila felur í sér þá breytingu á eignarhaldi á framangreindum fyrirtækjum að Baugur mun eignast helmings hlut í Bönunum í gegnum hið nýja einkahlutafélag. Eignarhald á Ávaxtahúsinu mun hins vegar verða óbreytt. Að mati samkeppnisráðs er hér um að ræða samruna í skilningi 4. og 18. gr. samkeppnislaga þar sem veltuskilyrði samrunaaðila eru uppfyllt. Samrunann ber að skoða sem svokallaðan lóðréttan samruna þar sem hann felur í sér kaup fyrirtækis á smásölustigi (e. down-stream) á stórum hluta í fyrirtæki sem starfar á næsta sölustigi fyrir ofan (e. up-stream).

Baugur Group er almenningshlutafélag. Starfsemi félagsins á Íslandi felst aðallega í rekstri matvöruverslana og ýmissa sérvöruverslana, s.s. með lyf, fatnað og búsáhöld. Samtals rekur fyrirtækið 73 smásöluverslanir hér á landi. Af þeim eru 47 matvöruverslanir, 18 reknar undir merkjum Bónuss, 21 10–11 verslun og 8 Hagkaupsverslanir.

Fengur er eignarhaldsfélag sem er að stærstum hluta í eigu tveggja einstaklinga. Félagið sinnir ekki daglegri starfsemi nema að litlu leyti heldur er hlutverk þess að vera eignarhaldsfélag fyrir eigendur sína um hluti í öðrum starfandi fyrirtækjum, þ.á m. Banönum og Ávaxtahúsinu.

Bananar annast heildsölu á grænmeti og ávöxtum til matvöruverslana, veitingahúsa og mötuneyta. Hlutverk Ávaxtahússins er hins vegar fyrst og fremst að annast innkaup á ávöxtum og grænmeti fyrir matvöruverslanir í eigu Baugs.

2.

Markaðurinn

Við mat á samruna samkvæmt 18. gr. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

2.1. Vörumarkaður

Í 6. kafla viðauka (samrunaskrá) með reglum nr. 930/2001 um tilkynningu samruna segir um viðkomandi vörumarkaði:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðinum.“

2.1.1. Sjónarmið samrunaaðila

Í tilkynningu samrunaaðila kemur fram að ávaxta- og grænmetismarkaðurinn hafi verið skilgreindur ítarlega í tveimur ákvörðunum samkeppnisráðs, annars vegar ákvörðun ráðsins nr. 11/2001, *Yfirtaka Sölufélags garðyrkjumanna svf. og tengdra félaga á Ágæti hf.* og hins vegar ákvörðun ráðsins nr. 13/2001, *Ólögmætt samráð og samkeppnishömlur Sölufélags garðyrkjumanna, Ágætis og Mata á grænmetis-, kartöflu- og ávaxtamarkaði.* Af hálfu samrunaaðila er látið nægja að vísa til þessara ákvarðana í tengslum við skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum.

2.1.2. Mat samkeppnisráðs

Við mat á því hver sé markaður þessa máls bendir samkeppnisráð á að tilgangur þess að skilgreina viðkomandi markað í samrunamálum er að finna það svið viðskipta sem samruninn hefur áhrif á. Við athugun á áhrifum samruna er því, við skilgreiningu á þeim markaði sem um er að ræða, verið að meta hvaða fyrirtæki eru eða geta verið í samkeppni við þau fyrirtæki sem samruninn tekur til. Þetta er gert sökum þess að það eru einungis önnur fyrirtæki sem geta veitt samrunafyrirtækjunum samkeppnislegt aðhald, og með því að skilgreina hverjir það eru sem keppa á viðkomandi markaði er hægt að meta markaðsstyrk samrunafyrirtækjanna.

Heildsölumarkaður fyrir ávexti og grænmeti

Eins og fram kemur í máli samrunaaðila hefur samkeppnisráð í tveimur umræddum ákvörðunum fjallað um heildsölumarkað fyrir ávexti og grænmeti, þ.m.t. kartöflur. Í þessum málum hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að við heildsöludreifingu sé ekki staðganga milli einstakra tegunda innan umræddra vöruflokka. Því til stuðnings

er m.a. nefnt að matvöruverslanir sem séu helstu viðskiptavinir dreifingafyrirtækjanna þurfi að hafa helstu tegundir ávaxta og grænmetis í vöruframboði sínu. Að mati samkeppnisráðs er þó óþarfi í þessu máli að skipta markaðnum eftir einstökum tegundum þar sem samruninn tekur til heildarviðskipta umræddra fyrirtækja í þessum vöruflokkum. Að öðru leyti hafa aðstæður á markaðnum ekki breyst með þeim hætti að ástæða sé til að breyta fyrri skilgreiningu ráðsins á vörumarkaðnum.

Matvörumarkaður

Samkeppnisráð getur ekki fallist á það með samrunaaðilum að aðeins þurfi að taka til skoðunar þann markað sem Ávaxtahúsið og Bananar starfa á og lýst var hér að framan. Þar sem um lóðréttan samruna er að ræða er að mati ráðsins nauðsynlegt að taka einnig til skoðunar samkeppnisleg áhrif á þeim markaði sem Baugur starfar á og tengist einnig því máli sem hér um ræðir, þ.e. markaðinn fyrir smásölu á dagvörum í matvöruverslunum.

Almennar matvöruverslanir eru ákveðinn flokkur verslana. Sameiginlegt einkenni þeirra er allmikið vöruval en fjöldi vörutegunda getur verið frá 1.100–1.200 til 10.000–15.000. Vöruframboði matvöruverslana má skipta upp í tvo meginflokka, annars vegar dagvöru og hins vegar sérvöru. Með dagvöru er átt við þær vörur sem uppfylla daglegar neysluþarfir fólks, s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis og snyrtivörur. Sérvara í matvöruverslunum er varanlegri en dagvara, t.d. fatnaður og búsáhöld. Dagvara skipar veigamikinn sess í neyslu fólks en tæplega fimmtungur af heildarútgjöldum almennings er vegna kaupa á dagvöru.¹ Langstærstur hluti dagvörusölu fer fram í matvöruverslunum en einnig eru starfandi sérverslanir sem bjóða þá upp á fjölbreyttara úrval í ákveðnum vöruflokkum og meiri þjónustu en matvöruverslanir s.s. bakarí, fiskbúðir, kjötbúðir og snyrtivöruverslanir. Þá er verð í sérverslunum með dagvöru oftast hærra en í matvöruverslunum. Rétt er að taka fram að þó svo staðganga kunni að vera á milli þeirra dagvara sem seldar eru í matvöruverslunum og sérverslunum með dagvörur hefur að mati samkeppnisráðs hvor verslunargerðin þá sérstöðu að hún tilheyrir hvor sínum markaðnum.² Sérstaða matvöruverslananna er þannig fyrst og fremst fólgin í eðli þeirrar þjónustu sem þær veita en ekki af því að hægt sé að kaupa þær vörur sem þar fást annars staðar. Af því ræðst markaðsskilgreiningin.³

¹ Sbr. niðurstöður úr Neyslukönnun Hagstofu Íslands.

² Þessari nálgun við skilgreiningu á verslunarmörkuðum er t.d. fylgt í bandarískum samkeppnisrétti. Sjá t.d. mál nr. 1:97CV00701 (D.D.C. 1997) *Federal Trade Commission v. Staples Inc. and Office Depot Inc.*

³ Sambærileg sjónarmið voru sett fram um skilgreiningu vörumarkaðarins í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/1999, *Yfirtaka Baugs hf. á Vöruveltunni hf.* Þar voru almennar matvöruverslanir sem bjóða upp á vörur sem uppfylla daglegar neysluþarfir neytenda, s.s. matar-, drykkjar-, hreinlætis- og snyrtivörur skilgreindar sem sérstakur markaður sem ekki hefði staðgöngu við sölu sérverslana á einstökum vöruflokkum sem einnig væru seldir í matvöruverslunum, s.s. fiskbúðum, bakaríum, kjötbúðum og snyrtivöruverslunum.

Að mati samkeppnisráðs er rétt að taka fram að bæði hér á landi og erlendis hafa almennar matvöruverslanir þróast í átt til ákveðinnar sérhæfingar. Verslunum er þannig hægt að skipa í ákveðna flokka eftir því m.a. hvernig verðlagi, vöruúrvali og afgreiðslutíma þeirra er háttað. Þá hafa þróast svokallaðar verslunarkenningar sem er hópur verslana sem, eftir atvikum, lýtur sama eignarhaldi og er með sömu áherslur hvað áður nefnda þætti varðar. Í þessu máli er þó að mati ráðsins ekki ástæða til að skipta matvöruverslunum eftir þessum meginflokkum þar allar gerðir verslana þurfa að bjóða flestar tegundir dagvara í vöruframboði sínu, þ.m.t. ávexti og grænmeti.

2.2. Landfræðilegur markaður

Í 6. kafla viðauka (samrunaskrá) með reglum nr. 930/2001 um tilkynningu samruna segir um viðkomandi landfræðilegan markað:

„Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.“

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“

2.2.1. Sjónarmið samrunaaðila

Eins og getið var um í tl. 2.1.1. hér að framan vísa samrunaaðilar til fyrrgreindra ákvarðana samkeppnisráðs í tengslum við skilgreiningu á mörkuðum.

2.2.2. Mat samkeppnisráðs

Fræðilega séð getur landfræðilegur markaður verið ýmist staðbundinn, svæðisbundinn, landsmarkaður eða alþjóðamarkaður. Stærð landfræðilegs markaðar veltur m.a. á því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandinn sé í nálægð við seljandann. Þetta mat ræðst venjulega af því hvað einkennir vöruna/þjónustuna og viðskiptavinina, eftir hvaða leiðum sala og þjónusta fer fram svo og af eðli viðskiptanna. Sérstaklega skiptir máli hversu mikil þörf er á beinu sambandi milli kaupanda og seljanda og hver yrði tíma- og ferðakostnaður við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Markaðir hafa þannig tilhneigingu til að vera staðbundnir þegar mikil þörf er á beinum samskiptum viðskiptavina og seljanda vörunnar.

Heildsölumarkaður fyrir ávexti og grænmeti

Í áður nefndum ákvörðunum samkeppnisráðs hefur verið talið að markaðurinn fyrir heildsöludreifingu á ávöxtum og grænmeti væri landsmarkaður og að landfræðilegi markaðurinn væri landið allt, Ísland. Í ljósi nýlegra breytinga á lögum nr. 99/1993 um

framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem tóku gildi í maí á þessu ári kemur þó til álita að mati samkeppnisráðs að landfræðilegur markaður í þessu máli geti verið alþjóðamarkaður. Helstu breytingar sem hér um ræðir eru þær að verndartollar sem áður lögðust á ýmsar tegundir af innfluttu grænmeti þegar innlend uppskera kom á markaðinn hafa verið felldir niður. Þannig hefur t.d. verðtollur sem áður var 30% á útiræktuðu grænmeti, sveppum og kartöflum verið lagður niður. Þá hefur verð- og magntollur verið felldur niður af gúrkum, tómötum og papriku. Af aðeins þessum breytingum er ljóst að möguleikar innflytjenda, þ.m.t. matvöruverslana eða birgðahúsa í þeirra eigu, til að nálgast umræddar vörutegundir á samkeppnishæfu verði erlendis frá hafa stóraukist. Þar sem framangreindar tollabreytingar hafa haft þau áhrif að möguleikar til innflutnings hafa aukist gefur það vísbendingar um að landfræðilegur markaður sé stærri en Ísland. Að mati samkeppnisráðs verður þó að líta til þess að ekkert bendir til þess að samkeppnin sé gagnkvæm, þ.e. að erlendar matvörukeðjur eða dreifingaraðilar leyti til íslenskra birgja við öflun á ávöxtum og grænmeti. Til þess að fyrirtæki teljist tilheyra sama landfræðilega markaðnum þurfa samkeppnisskilyrðin á hinu landfræðilega svæði að vera sambærileg og samkeppni innan þess gagnkvæm. Með öðrum orðum þá þurfa keppinautar á svæðunum að eiga í samkeppni sín á milli.⁴

Að mati samkeppnisráðs hafa þær aðstæður á markaðnum fyrir heildsöludreifingu á ávöxtum og grænmeti og lýst var í framangreindum ákvörðunum samkeppnisráðs því ekki breyst þannig að ástæða sé til að hnika fyrri niðurstöðum ráðsins um landfræðilega markaðsskilgreiningu. Að mati samkeppnisráðs er því landfræðilegur markaður eftir sem áður landið allt, Ísland.

Matvörumarkaður

Eins og fyrr segir hafa markaðir tilhneigingu til að vera staðbundnir þegar mikil þörf er á beinum samskiptum kaupanda og seljanda vöru og þjónustu. Almenn er landfræðilegir markaðir sem lúta að smásöludreifingu skilgreindir þrengra en þegar fyrirtæki á sviði framleiðslu eða heildsöludreifingar eiga í hlut.

Ljóst er að nálægð kaupanda við matvöruvöruverslanir er að öllu jöfnu æskileg ef ekki nauðsynleg. Í ákvörðunum samkeppnisráðs þar sem fjallað hefur verið um samruna fyrirtækja á smásölustigi hefur landfræðilegur markaður verið skilgreindur staðbundinn. Þannig hefur verið við það miðað að viðkomandi markaðssvæði sé innan 20 km radíusar frá staðsetningu þeirra verslana sem samruni eða yfirtaka nær til. Einnig hefur í þessu sambandi verið miðað við að verslanir geti að öðru jöfnu náð til sín viðskiptavinum sem ekki þurfi að leggja á sig lengri en 20 mínútna akstur í

⁴ Sambærileg sjónarmið voru sett fram um skilgreiningu landfræðilegs markaðar í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 4/2001, *Samruni Lyfju hf. og Lyfjabúða hf.*

viðkomandi verslun. Að mati samkeppnisráðs er smásala matvöruverslana á dagvöru til neytenda staðbundinn markaður.⁵

Samkeppnisráð telur því samkvæmt framansögðu að t.a.m. höfuðborgarsvæðið, þ.e. Reykjavík og nágrennasveitarfélög,⁶ sé sérstakur landfræðilegur markaður við sölu matvöruverslana á dagvöru. Stærri þéttbýliskjarnar á landsbyggðinni, t.d. Akureyri og nágrennabyggðir kunna því eftir atvikum einnig að vera skilgreindir sem sérstakir markaðir. Af þeim matvöruverslunum sem Baugur rekur eru 37 á höfuðborgarsvæðinu, þrjár á Akureyri og sjö á öðrum stöðum á landsbyggðinni. Þar sem verslanir fyrirtækisins eru dreifðar um landið er að mati samkeppnisráðs ekki sérstök ástæða til að skipta markaðnum niður í staðbundna eða svæðisbundna undirmarkaði. Ekki verður þó litið fram hjá því að stærstur hluti af sölu á dagvöru í verslunum Baugs fer fram á höfuðborgarsvæðinu og þar er staða matvöruverslana í eigu Baugs mun styrkari en á flestum stöðum á landsbyggðinni, sbr. nánari umfjöllun í kafla 3.1.2. hér á eftir.

3.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Í máli þessu þarf að taka afstöðu til þess hvort umræddur samruni hafi skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreindu mörkuðum. Í upphafi þess mats ber að líta til þess að samkeppnislögum hefur verið breytt með lögum nr. 107/2000. Í breytingunum felst að ákvæði samkeppnislaga sem ætlað er að vinna gegn samkeppnishömlum hafa verið styrkt til muna, þ.m.t. samrunaákvæði 18. gr. samkeppnislaga. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 1. mgr. 18. gr. Í þessu máli er hins vegar, eins og áður hefur verið vikið að, um lóðréttan samruna að ræða sem felur það í sér að stórt fyrirtæki á sviði smásöluverslunar með matvöru gerist stór hluthafi í fyrirtæki sem það hefur keypt af ávexti, grænmeti og kartöflur til endursölu í verslunum sínum.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum í málum þar sem um láréttan samruna er að ræða, þ.e. þegar fyrirtæki á sama sölustigi sameinast, þarf að taka til athugunar hvort markaðsráðandi staða verður til eða hún styrkist. Þau atriði sem horft er til í þessu sambandi eru markaðshlutdeild hins nýja fyrirtækis og samþjöppun á markaði, staða keppinauta og efnahagslegur styrkleiki, möguleg samkeppni og aðgangshindranir að markaðnum og hugsanlegur kaupendastyrkur.

⁵ Sjá m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/1999, *Yfirtaka Baugs hf. á Vöruveltunni hf.*, ákvörðun samkeppnisráðs nr. 4/2001, *Samruni Lyfju hf. og Lyfjabúða hf.* og ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/2002, *Kaup Byko hf.*, *Húsasmiðjunnar hf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf. á hlutum í Steinullarverksmiðjunni hf.*

⁶ Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands eru sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Þar sem hér er um lóðréttan samruna að ræða mun markaðsgerðin ekki breytast eins og ef um láréttan samruna væri að ræða, þ.e. markaðshlutdeild samrunaaðila og samþjöppun á skilgreindum mörkuðum breytist ekki enda fækkar keppinautum ekki. Að mati samkeppnisráðs er þó ljóst að þær breytingar sem samruninn hefur í för með sér kunna að hafa áhrif á stöðu samrunaaðila á þeim mörkuðum sem þeir starfa á. Áður en lagt verður mat á samkeppnisleg áhrif samrunans er því í upphafi nauðsynlegt að meta markaðshlutdeild þeirra þar.

3.1. Staða fyrirtækjanna á markaðnum

Heildsölumarkaður fyrir ávexti og grænmeti

Við mat á stærð markaðarins fyrir heildsöludreifingu á ávöxtum og grænmeti aflaði Samkeppnisstofnun m.a. upplýsinga frá Ríkisskattstjóra um heildarveltu fyrirtækja á markaðnum skv. virðisaukaskattskýrslum. Samkvæmt upplýsingum Ríkisskattstjóra nam heildarvelta fyrirtækja á sviði heildverslunar með grænmeti og ávexti 6.175 milljónum króna árið 2001.⁷ Af þeirri fjárhæð nam hlutur þeirra fyrirtækja sem voru undir yfirráðum Fengs það ár, þ.e. Ávaxtahússins, Banana og Sölufélags garðyrkjumanna ehf. um [...] ⁸ milljónum króna eða um [70-75%]⁹ af heildarmarkaðnum. Það fyrirtæki sem næst kemur að stærð er Mata ehf. með um [10-15%]¹⁰ hlut. Hlutur annarra fyrirtækja nam því um 10-15%. Við mat á þessari hlutdeild verður þó að hafa í huga að talsverður hluti af veltu umræddra fyrirtækja er vegna sölu þeirra sín á milli, þ.e. viðskipti milli fyrirtækja á sama sölustigi. Þá ber að geta þess að ekki stunda allir aðilar í þessum flokki viðskipti með ferskt grænmeti, kartöflur og ávexti, heldur einungis frystar og þurrkaðar vörur.

Framangreindar upplýsingar miðast eins og fyrr segir við árið 2001. Við mat á áætlaðri markaðshlutdeild fyrirtækja er þó að mati samkeppnisráðs rétt að taka tillit til umfangsmikilla breytinga sem orðið hafa á markaðsgerðinni það sem af er þessu ári. Í tilkynningu samrunaaðila segir að frá fyrri umfjöllunum samkeppnisyfirvalda um ávaxta- og grænmetismarkaðinn hafi Sölufélag garðyrkjumanna svf. keypt Sölufélag garðyrkjumanna ehf. af Feng. Engin sjórnunar- og eignatengsl séu því lengur á milli Sölufélags garðyrkjumanna og Fengs. Vegna þessara breytinga sé ljóst að markaðshlutdeild hins nýja fyrirtækis á ávaxta- og grænmetismarkaði sé mun lægri en sameiginleg hlutdeild fyrirtækja innan vébanda Fengs hafi verið í fyrri málum þegar samkeppnisyfirvöld hafi haft þennan markað til skoðunar. Samkeppnisráð getur fallist á það með samrunaaðilum að ekki beri að telja með veltu Sölufélags garðyrkjumanna við mat á áætlaðri markaðshlutdeild Græns enda fyrirtækið ekki lengur undir yfirráðum Fengs eða fyrirtækjum því tengdu. Árið 2001 nam velta Sölufélags

⁷ Miðað er við skilgreiningu ÍSAT-atvinnugreinaflokkis 51.31.0: Heildverslun með ávexti og grænmeti.

⁸ Fellt út vegna trúnaðar.

⁹ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

¹⁰ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

garðyrkjumanna [...] ¹¹ milljónum króna. Sé hún undanskilin veltu fyrirtækja í eigu Fengs fyrir árið 2001 stendur eftir velta Ávaxtahússins og Banana sem samtals nam um [...] ¹² milljónum. Samkvæmt þessu var því markaðshlutdeild þeirra framangreindra fyrirtækja sem núna eru innan vébanda Græns um [50-55%] ¹³ árið 2001 ef miðað við áðurnefnda heildarveltu fyrirtækja í atvinnugreininni.

Fleiri breytingar hafa orðið á markaðnum sem taka þarf til athugunar við mat á stöðu fyrirtækja á honum. Í tilkynningu samrunaaðila kemur fram að Búr ehf. hafi stofnað nýtt fyrirtæki sem annist innkaup á ávöxtum og grænmeti fyrir verslanir innan vébanda Búrs. ¹⁴ Segir ennfremur í tilkynningunni að við það að Bananar verði af viðskiptum við umræddar verslanir muni tekjur fyrirtækisins lækka um sem nemur helmingi af heildarveltu þess. Samkeppnisráð getur fallist á það með samrunaaðilum að leiði stofnun nýs fyrirtækis í eigu Búrs á sviði heildsöludreifingar með ávexti og grænmeti til þess að verslanir sem tengjast Búri beini alfarið innkaupum á umræddum vörum til hins nýja fyrirtækis muni það hafa mikil áhrif á markaðnum fyrir heildsöludreifingu á grænmeti og ávöxtum. Í því sambandi má hafa í huga að hlutdeild umræddra verslana á markaðnum fyrir smásölu á dagvöru er um [40-45%] ¹⁵ ef miðað er við árið 2001 og fyrstu sex mánuði þessa árs, sbr. nánari umfjöllun um markaðshlutdeild matvöruverslana hér á eftir. Á hitt ber þó að líta að Grænt mun að öllum líkindum sjá matvöruverslunum í eigu Baugs auk öðrum núverandi viðskiptavinum Banana á matvörusviði að mestu fyrir ávöxtum og grænmeti en hlutur þessara fyrirtækja á smásölumarkaði fyrir dagvörur er a.m.k [45-50%] ¹⁶. Það gefur vísendingu um að markaðshlutdeild fyrirtækisins verði svipuð og ef miðað er við upplýsingar um veltu fyrirtækja skv. virðisaukaskattskýrslum, a.m.k. hvað varðar sölu til matvöruverslana.

Þegar framangreint er virt er það þó mat samkeppnisráðs að ekki séu forsendur til að meta með nákvæmum hætti núverandi markaðshlutdeild fyrirtækja á sviði heildsöludreifingar á ávöxtum og grænmeti. Koma þar m.a. til umræddar breytingar á eignarhaldi fyrirtækja á markaðnum auk stofnunar nýs fyrirtækis í eigu Búrs. Þá hafa nýlegar breytingar á tollalöggjöf aukið möguleika matvöruverslana á milliliðalausum innflutningi, sbr. umfjöllun í kafla 2.2.2. hér að framan. Fyrirliggjandi upplýsingar um veltu þeirra fyrirtækja sem tengjast Grænu auk eignatengsla fyrirtækisins við Baug benda þó ótvírætt til þess að þau fyrirtæki sem standa að Grænu, þ.e. Ávaxtahúsið og

¹¹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹² Fellt út vegna trúnaðar.

¹³ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

¹⁴ Um er að ræða verslanir í eigu Kaupáss hf., þ.e. Nóatún og verslanir 11–11, verslanir undir merkjum Samkaupa, Sparkaupa og Nettó auk allra annarra verslana í eigu kaupfélaga að Kaupfélagi Skagfirðinga undanskildu.

¹⁵ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

¹⁶ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

Banar hafi fyrir samrunann verið með styrka stöðu á markaðnum og að samruninn sé til þess fallinn að styrkja þá stöðu enn frekar.

Matvörumarkaður

Eins og getið var um í kafla 2.2.2. hér að framan er það mat samkeppnisráðs að sá landfræðilegi markaður sem Baugur starfar á sé allt landið. Markaðnum megi svo skipta í staðbundna undirmarkaði þar sem t.d. höfuðborgarsvæðið er sérstakur markaður.

Til að meta stærð markaðar fyrir dagvörusölu matvöruverslana hefur Samkeppnisstofnun reglulega aflað upplýsinga frá matvöruverslunum um veltu þeirra, sundurliðaða eftir sölu á dagvöru og sérvöru. Upplýsinga um veltu minnstu matvöruverslananna hefur hins vegar verið aflað frá Ríkisskattstjóra. Samkvæmt umræddum upplýsingum er það mat samkeppnisráðs að markaðshlutdeild matvöruverslana Baugs sé um [45-50%]¹⁷ ef miðað er við landi allt. Er í því sambandi miðað við upplýsingar fyrir árið 2001 og fyrstu sex mánuði þessa árs. Til samanburðar má geta þess að hlutdeild Kaupáss sem næst kemur Baugi að stærð á dagvörumarkaði og rekur m.a. verslanir Nóatúns, 11-11 og Krónunnar er um [20-25%]¹⁸. Hlutdeild Samkaupa sem m.a. rekur einnig verslanir Nettó er um [10-15%]¹⁹. Hlutur annarra verslana og/eða verslunarkeðja er minni. Ef aðeins er miðað við höfuðborgarsvæðið er þó ljóst að hlutdeild Baugs er mun meiri eða um [55-60%]²⁰. Þar er hlutur Kaupáss hins vegar [25-30%]²¹ og Samkaupa [5-10%]²².

3.2. Samkeppnisleg áhrif á markaðnum fyrir heildsöludreifingu á ávöxtum og grænmeti

Við mat á samkeppnislegum áhrifum þess samruna sem hér um ræðir á ávaxta- og grænmetismarkaðnum er að mati samkeppnisráðs rétt að geta þess að ráðið hefur í fyrri ákvörðunum fjallað um samstarf Baugs og Fengs um rekstur Ávaxtahússins, sbr. áðurnefnda ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2001 sem er frá því í mars 2001. Þar segir m.a. að Ávaxtahúsið sé undir sameiginlegum yfirráðum Fengs (þá nefnt SFG) og Baugs. Í þáverandi hluthafasamkomulagi milli félaganna kom fram að Baugur skuldbatt sig til að hefja ekki ávaxta- eða grænmetisinnflutning á eigin vegum án atbeina félagsins (Ávaxtahússins), einn sér eða í samstarfi við aðra aðila. Þá kom fram í umræddu hluthafasamkomulagi að SFG myndi greiða Baugi 50 milljónir króna fyrir „aðgang að grænmetis- og ávaxtamarkaði verslana Baugs“ næstu sex árin frá undirritun samkomulagsins. Allt þetta þótti benda til þess að Ávaxtahúsið væri ekki

¹⁷ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

¹⁸ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

¹⁹ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

²⁰ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

²¹ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

²² Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

að keppa við aðra dreifingaraðila um að þjónusta verslanir Baugs. Vegna þessa m.a. þótti ástæða til að telja veltu Ávaxtahússins með veltu fyrirtækja sem þá voru innan vébanda Fengs/SFG en í heild var markaðshlutdeild fyrirtækjasamsteypunnar talin vera 75–80% á skilgreindum markaði. Í ákvörðuninni kom fram það mat samkeppnisráðs að stofnun og rekstur Ávaxtahússins kynni að brjóta gegn 10. gr. samkeppnislaga og var af því tilefni boðað að samkeppnisyfirvöld myndu hefja sérstaka rannsókn á því máli.

Í ljósi framanritaðs má ætla að kaup Baugs á helmings hlut í Banönum til viðbótar við þann hlut sem fyrirtækið á í Ávaxtahúsinu séu enn frekar til þess fallin að útiloka aðra dreifingaraðila frá verslunum Baugs og aðgangur að markaðnum verði þar með enn takmarkaðri en hann var fyrir. Á hitt ber þó að líta eins og áður hefur komið fram að hlutdeild fyrirtækja undir yferráðum Fengs á markaðnum mun vegna breyttra markaðsaðstæðna verða lægri en hún var þegar samkeppnisráð fjallaði um starfsemi Ávaxtahússins í umræddri ákvörðun. Þá er í þessu samhengi rétt að geta þess að í nýju hluthafasamkomulagi sem Baugur og Fengur gerðu í tengslum við þann samruna sem hér er til umfjöllunar segir að aðilar samkomulagsins séu báðir meðvitaðir um að verslanir Baugs muni kaupa ávexti og grænmeti þar sem það verður hagkvæmast hverju sinni. Verslanir Baugs verða m.ö.o. ekki skuldbundnar til að eiga viðskipti við hið nýja fyrirtæki og möguleikar annarra keppinauta til að selja verslunum Baugs ávexti og grænmeti eiga því að verða fyrir hendi. Verður því að telja að ákvæði hluthafasamkomulags í nýja fyrirtækinu hafi að þessu leyti jákvæðari samkeppnisleg áhrif en hluthafasamkomulag sömu aðila um rekstur Ávaxtahússins frá 1999.

Að mati samkeppnisráðs má ætla að umrædd eignatengsl hvetji Baug til að eiga frekar viðskipti við félög Græns en keppinauta þess á ávaxta- og grænmetismarkaði. Þannig er t.a.m. ljóst skv. hluthafasamkomulaginu að Baugi verður tryggður ákveðinn hluti álagningar Græns af sölu til verslana Baugs, sbr. tl. 4.1. í samkomulaginu. Þá má ætla að Baugur muni njóta afraksturs af starfsemi Græns í hlutfalli við eignarhald Baugs í fyrirtækinu. Af þessu er ljóst að mati samkeppnisráðs að hagsmunir Baugs af því að kaupa ávexti og grænmeti fyrir verslanir sínar hjá Grænu eru verulegir. Er þessi staða til þess fallin að takmarka verulega möguleika annarra dreifingar fyrirtækja við að selja vörur sínar til verslana Baugs.

3.3. Samkeppnisleg áhrif á matvörumarkaðnum

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans á dagvörumarkaðnum þarf að taka til skoðunar möguleika núverandi og hugsanlegra keppinauta verslana Baugs við að afla ávaxta og grænmetis til endursölu hjá Grænu.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/1999 var fjallað um yfirtöku Baugs á verslunum 10–11. Í ákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að við yfirtökuna hefði Baugur styrkt markaðsyferráð sín á höfuðborgarsvæðinu sem var skilgreint sem

landfræðilegur markaður í málinu. Var í því sambandi miðað við 7–8% aukningu á markaðshlutdeild fyrirtækisins en hún hafði verið um 50% fyrir yfirtökuna. Eins og getið var um í tl. 3.1.2. hér að framan er markaðshlutdeild Baugs á höfuðborgarsvæðinu svipuð núna og þegar umrædd ákvörðun vegna yfirtöku á verslunum 10–11 var tekin. Efnahaglegur styrkleiki Baugs hefur hins vegar aukist verulega en velta fyrirtækisins árið 2001 var 47 milljarðar króna samkvæmt samstæðureikningi en til samanburðar var hún um 19 milljarðar árið 1998 en það ár var notað sem viðmið þegar ákvörðunin var tekin. Að mati samkeppnisráðs er með vísan til framanritaðs ljóst að Baugur er markaðsráðandi á höfuðborgarsvæðinu fyrir sölu á dagvöru í matvöruverslunum. Þá verður ekki horft fram hjá því að staða fyrirtækisins á mörgum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni er mjög sterk, t.d. á Akureyri en þar er hlutur fyrirtækisins um [45-50%]²³.

Telja verður að þegar smásöluverslun með styrka stöðu á þeim markaði sem hún starfar gerist stór hluthafi í einum af birgjum sínum sé það til þess fallið að takmarka möguleika keppinauta verslunarinnar við öflun á aðföngum frá viðkomandi birgi. Í því sambandi skiptir máli hvaða möguleika umræddir keppinautar hafa til að beina sínum viðskiptum til annarra birgja. Í því máli sem hér er til umfjöllunar verður að hafa í huga að þegar þær breytingar hafa orðið á markaðnum fyrir heildsöludreifingu á grænmeti og ávöxtum sem raktar hafa verið hér að framan verða tiltölulega fá fyrirtæki hér á landi sem annast umrædda starfsemi ef frá eru talin Grænt og hið nýja dreifingarfyrirtæki sem ætlað er að þjónusta verslanir Búrs. Að mati samkeppnisráðs má því búast við að möguleikar keppinauta verslana Baugs á dagvöruverkaði við öflun á ávöxtum og grænmeti frá öðrum fyrirtækjum en þeim sem verða í eigu Baugs eða Búrs verði verulega takmarkaðir.

Samkvæmt gögnum sem fylgdu tilkynningu samrunaaðila um stærstu viðskiptavini Banana á sl. ári er ljóst að margir viðskiptavinir fyrirtækisins eru jafnframt keppinautar Baugs í dagvöruverslun, þ.m.t. sölu á ávöxtum og grænmeti. Er hér aðallega um verslanir að ræða sem ekki tengjast Búri. Það er mat samkeppnisráðs að sá samruni sem hér um ræðir getur leitt til þess að þessum keppinautum Baugs verði mismunað, t.d. þannig að þeir muni njóta lakari kjara en umfang viðskipta þeirra gefur tilefni til. Slík mismunun mundi skekkja samkeppnisstöðu matvöruverslana sem eiga viðskipti við Grænt með alvarlegum hætti.

3.4. Niðurstaða

Miðað við það sem fram hefur komið er það mat samkeppnisráðs að sá samruni sem hér er til umfjöllunar sé til þess fallinn að styrkja stöðu samrunaaðila á þeim mörkuðum sem þeir starfa, stöðu sem þegar var mjög styrk. Er það mat ráðsins að grípa þurfi til íhlutunar til að koma í veg fyrir þær samkeppnishömlur sem samruninn

²³ Nákvæm hlutdeild felld út vegna trúnaðar.

felur í sér. Viðræður milli samrunaaðila og samkeppnisyfirvalda hafa leitt til þess að samrunaaðilar eru tilbúnir að fallast á að tiltekin skilyrði verði sett vegna samrunans.

Eins og getið var um hér að framan er það mat samkeppnisráðs að samruninn muni leiða til þess að möguleikar annarra dreifingarfyrirtækja en fyrirtækja Græns við að bjóða ávexti og grænmeti til sölu hjá verslunum Baugs takmarkist. Í reglum samkeppnisráðs nr. 256/2001 um hópundanþágu fyrir flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða er það skilgreint sem samningur um einkakaup þegar samningsaðilar, t.d. birgir og verslun á smásölustigi, gera með sér samning um að verslunin kaupi a.m.k. 80% af þeim vörum sem hún býður upp á í tilteknum vöruflokki af viðkomandi birgi, sbr. b-lið 1. gr. reglna nr. 2790/1999.²⁴ Þessar reglur samkeppnisráðs eru efnislega samhljóða samskonar reglum sem gilda í EES/EB-samkeppnisrétti. Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar EB um lóðréttar samkeppnishömlur kemur fram að geri markaðsráðandi birgir samninga um einkakaup við viðsemjendur sína hafi það skaðleg áhrif á samkeppni.²⁵ Ennfremur segir í leiðbeiningunum að það hafi skaðleg áhrif á samkeppni þegar birgir, jafnvel þó hann sé ekki markaðsráðandi, bindur meira en 30% af markaðnum. Hér er átt við það þegar birgir gerir t.d. samninga við smásöluaðila, einn eða fleiri, sem samanlagt fela það í sér að meira en 30% af sölu smásöluverslana í viðkomandi vöruflokki sé bundin við sölu á vörum frá umræddum birgi.²⁶ Með hliðsjón af framangreindum reglum og leiðbeiningum við þær og stöðu samrunaaðila í því máli sem hér um ræðir á þeim mörkuðum sem þeir starfa á telur samkeppnisráð nauðsynlegt að setja skilyrði um að þeim sé óheimilt að gera samninga sín á milli um að verslanir Baugs kaupir tiltekið hlutfall af innkaupum fyrirtækisins á ávöxtum og grænmeti af Grænu.

Til að draga úr hættu á því að sá samningur sem hér er til umfjölunar leiði til fákeppnishegðunar á grænmetis- og ávaxtamarkaði og samkeppnislegrar mismununar verða fyrirtæki Baugs á dagvörumarkaði skuldbundin til að kaupa grænmeti og ávexti frá keppinautum Græns uppfylli vörurnar tiltekin skilyrði.

Við aðstæður á markaði þar sem virk samkeppni ríkir tíðkast að framleiðendur og dreifingarfyrirtæki veiti þeim endurseljendum sem kaupa mikið magn betri viðskiptakjör en þeim sem kaupa minna enda í flestum tilvikum augljóst hagræði af því að afgreiða vörur í miklu magni. Vegna eignaraðildar að Grænu kann Baugur að geta beitt sér til að hafa áhrif á viðskiptakjör annarra viðskiptavina Græns. Þrátt fyrir að Baugur verði óumdeilanlega stærsti kaupandinn að ávöxtum og grænmeti hjá Grænu er mikilvægt að fyrirtækið, sérstaklega með hliðsjón af eignarhaldi þess á

²⁴ Sambærileg sjónarmið voru einnig sett fram um skilgreiningu samnings um einkakaup í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 40/2001, *Erindi FÍH og Japís ehf. vegna samnings Skífunnar hf. og Aðfanga ehf. um sölu á geisladiskum.*, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2002, *Skífan hf. gegn samkeppnisráði.*

²⁵ Sjá mgr. 148. bls. 30, *Guidelines on Vertical Restraints* (2000/C 291/01).

²⁶ Sjá einnig mgr. 148. bls. 30, *Guidelines on Vertical Restraints* (2000/C 291/01).

Grænu, njóti ekki annarra eða betri kjara en aðrir viðskiptavinir fyrirtækisins umfram það hagræði sem ætla má að stafi af umfangi viðskiptanna. Því er nauðsynlegt að setja samningi þeim sem hér er til umfjöllunar skilyrði þar að lútandi.

Þá er og nauðsynlegt að mati samkeppnisráðs að setja samningnum skilyrði sem stuðlar að því að öðrum viðskiptavinum Græns en Baugi verði tryggður sami aðgangur að vörum Græns og Baugi og að Baugur beiti sér ekki á nokkurn þann hátt gagnvart Grænu að það veiki samkeppnisstöðu annarra viðskiptavina fyrirtækisins.

Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur og tortryggni um upplýsingastreymi um keppinauta Baugs og í ljósi aðstæðna á þeim markaði sem Baugur starfar og raktar hafa verið hér að framan er nauðsynlegt að setja skilyrði um að hvorki stjórnarmenn, starfsmenn eða eigendur að meira en 1% hlut í Baugi, dótturfélögum Baugs eða fyrirtækjum sem Baugur hefur virk yfirráð yfir sitji í stjórn eða varastjórn Ávaxtahússins, Banana eða annarra fyrirtækja sem Grænt kann að reka og mun kaupa, flytja inn og selja grænmeti og ávexti til endursölu.

Þá telur samkeppnisráð nauðsynlegt að setja skilyrði um meðferð starfsmanna Græns á upplýsingum um viðskipti og viðskiptakjör einstakra viðskiptamanna. Þar sem eigendur félagsins og hugsanlega trúnaðarmenn þess kunna jafnframt að vera keppinautar viðskiptavina þess er mikilvægt að þeir hafi ekki aðgang að fyrrgreindum upplýsingum um keppinautana.

Efni þeirra skilyrða sem hér hefur verið lýst og koma nánar fram í ákvörðunarorði því sem hér fer á eftir er ætlað að koma í veg fyrir þau skaðlegu samkeppnislegu áhrif sem samruninn hefði að óbreyttu haft í för með sér að mati samkeppnisráðs.

III.

Ákvörðunarorð:

„Baugur Group hf. og Eignarhaldsfélagið Fengur hf. hafa gert með sér samning um stofnun einkahlutafélags um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf. Samkeppnisráð telur að samningurinn feli í sér samruna í skilningi 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Það er mat ráðsins að samruninn uppfylli skilyrði 1. mgr. 18. gr. til íhlutunar. Með heimild í því lagaákvæði og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni eru eftirfarandi skilyrði sett:

1.

Baugi Group hf. og tengdum fyrirtækjum á sviði smásöluverslunar með dagvöru annars vegar og Grænu ehf. og tengdum fyrirtækjum á sviði heildsöludreifingar með ávexti og grænmeti hins vegar er óheimilt að semja um að tiltekið hlutfall af

ávöxtum og grænmeti í vöruframboði verslana í eigu Baugs Group hf. sé keypt af Grænu ehf. og tengdum fyrirtækjum.

2.

Baugur Group hf. og fyrirtæki tengd Baugi Group hf. skuldbinda sig til að kaupa grænmeti og ávexti af keppinautum Græns ehf. og dótturfélaga þess bjóði þeir umræddar vörur af sambærilegum gæðum við sambærilegum eða betri kjörum en Grænt ehf. og dótturfélög þess geta boðið.

3.

Baugi Group hf. er óheimilt að gera þá kröfu til Græns ehf. og fyrirtækja tengdum Grænu ehf. að verslanir í eigu Baugs Group hf. njóti annarra eða betri viðskiptakjara en aðrir viðskiptavinir Græns ehf. umfram það hagræði sem ætla má að Grænt ehf. hafi af umfangi viðskiptanna.

4.

Grænu ehf. og fyrirtækjum tengdum því er óheimilt að gera og starfa eftir samningum sem með beinum eða óbeinum hætti útiloka ákveðna viðskiptamenn frá viðskiptum við félagið. Baugi Group hf. er óheimilt að beita sér á nokkurn hátt gagnvart Grænu ehf. þannig að það miði að því eða hafi þau áhrif að samkeppnisstaða annarra viðskiptavina Græns ehf. og fyrirtækja tengdu því veikist.

5.

Stjórnarmenn, starfsmenn og eigendur að meira en 1% hlut í Baugi Group hf., dótturfélögum Baugs Group hf. og/eða fyrirtækjum sem Baugur Group hf. hefur virk yfirráð yfir skulu ekki sitja í stjórn eða varastjórn fyrirtækja tengdum Grænu ehf. sem eiga viðskipti við keppinauta Baugs Group hf. eða keppinauta fyrirtækja tengdum Baugi Group hf. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna, starfsmanna og eigenda, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.

6.

Framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum Græns ehf. og fyrirtækja tengdu því er óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. stjórnarmönnum og eigendum félagsins, upplýsingar um viðskipti og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina. Skulu starfsmenn Græns ehf. og fyrirtækja tengdum því undirrita sérstaka yfirlýsingu um þagnarskyldu og trúnað þar um. Skal afrit þessara yfirlýsinga sent Samkeppnisstofnun.

7.

Grænt ehf. skal kynna ákvörðun þessa og hvað í henni felst fyrir starfsmönnum sínum, eigendum, stjórnarmönnum og viðskiptavinum innan eins mánaðar frá birtingu hennar. Þá skal Grænt ehf. upplýsa Samkeppnisstofnun um framkvæmd á ákvörðun þessari innan tveggja mánaða frá birtingu hennar.

Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga.“